

Mánudaginn 16. nóvember 1992.
 Nr. 403/1992. **Umsjónarfélag einhverfra**
vegna sjálfs sín og
Árna Hjartarsonar,
Hallgerðar Gísladóttur,
Lúðvíks Baldurssonar og
Póreyjar Aspelund
 gegn
Guðmundi J. Guðjónssyni,
Guðrúnu V. Sverrisdóttur,
félagsmálaráðherra og
Helgu Ingólfssdóttur
fyrir hönd Páls Helga Arnarsonar.

Kærumál. Kæruheimild. Meðalganga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. október 1992 samkvæmt heimild í j-lið 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðfeð einkamála.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér heimiluð meðalganga. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðilarnir Guðmundur J. Guðjónsson og Guðrún V. Sverrisdóttir krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar um annað en málskostnað. Þau krefjast málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Varnaraðilinn félagsmálaráðherra krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Varnaraðilinn Helga Ingólfssdóttir fyrir hönd Páls Helga Arnarsonar gerir ekki sjálfstæðar kröfur hér fyrir dómi, en lýsir stuðningi sínum við kröfur sóknaraðila.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður að fallast á þá niðurstöðu, að sóknaraðili eigi ekki að lögum rétt til meðalgöngu í málinu vegna sjálfs sín.

Eins og þetta mál liggur fyrir, eru ekki heldur lagaskilyrði til þess, að sóknaraðili geti farið með meðalgöngusök í því vegna félagsmanna sinna.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð um annað en málskostnað.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilunum Guðmundi J. Guðjónssyni og Guðrúnu V. Sverrisdóttur málskostnað í héraði og kærúmálskostnað, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Aðrir varnaraðilar hafa ekki krafist málskostnaðar.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Sóknaraðili, Umsjónarfélag einhverfra vegna sjálfs sín og Árna Hjartarsonar, Hallgerðar Gísladóttur, Lúdvíks Baldurssonar og Þóreyjar Aspelund, greiði varnaraðilunum Guðmundi J. Guðjónssyni og Guðrúnu V. Sverrisdóttur 60.000 krónur í málskostnað í héraði og kærúmálskostnað.

S é r a t k v æ ð i

Péturs Kr. Hafstein hæstaréttardómara.

Í 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála eru heimildir til kæru til Hæstaréttar tæmandi taldar. Þar er ekki að finna sérstaka heimild til þess að kæra synjun héraðsdómara um að heimila meðalgöngu. Í 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, sem felld var úr gildi með fyrrnefndum lögum, var hins vegar bæði að finna heimild til þess að kæra úrskurð héraðsdómara um, að mál skuli falla niður eða því vísað frá dómi, og um synjun að heimila meðalgöngu, sbr. b-lið og i-lið 1. tl. 1. mgr. Í frumvarpi til laga nr. 91/1991 er ekki að finna skýringu á því, hvers vegna sá háttur er ekki hafður á í þeim lögum.

Frávísun á kröfu til efnisdóms verður eigi lögð að jöfnu við synjun um aðgang að máli, sem rekið verður áfram að efni til milli annarra aðila, en í slíkri synjun felst ekki endanlega úrlausn um réttmæti dómkröfu. J-liður 143. gr. laga nr. 91/1991 verður ekki

talinn fela í sér kæruehimild vegna synjunar um meðalgöngu. Brestur því heimild til kæru í máli þessu, og ber að vísa því frá Hæstarétti.

Þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að annarri niðurstöðu, ber mér samkvæmt 53. gr. laga nr. 75/1973 að greiða atkvæði um efni máls, og er ég þá samþykkur atkvæði meiri hlutans.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 14. október 1992.

1.0.

Meðalgöngumál þetta, sem tekið var til úrskurðar þriðjudaginn 29. september sl., hefur Umsjónarfélag einhverfra, kt. 700179-0289, Laufásvegi 4, Reykjavík, vegna félagsins sjálfs og vegna Árna Hjartarsonar, kt. 140649-2959, og Hallgerðar Gísladóttur, kt. 280952-4869, Ljósavallagötu 12, Reykjavík, foreldra Sigríðar Árnadóttur, kt. 250775-5479, Sæbraut 2, Seltjarnarnesi, og vegna Lúðvíks Baldurssonar, kt. 250350-3929, og Þóreyjar Aspelund, kt. 250955-5899, Gerðavöllum 48 B, Sandgerði, foreldra Lindu Rósu Aspelund Lúðvíksdóttur, kt. 070876-3109, Sæbraut 2, Seltjarnarnesi, höfðað fyrir bæjarþingi Seltjarnarness með stefnu, birtri 15. maí 1992, á hendur Guðmundi J. Guðjónssyni, kt. 190733-2629, og Guðrúnu V. Sverrisdóttur, kt. 110343-2059, báðum til heimilis að Sæbraut 3, Seltjarnarnesi, og félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, kt. 041042-4869, félagsmálaráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík, og Helgu Ingólfssdóttur, kt. 280946-2579, Ferjubakka 6, Reykjavík, vegna ólögráða sonar hennar, Páls Helga Arnarsonar.

Mál þetta var til meðferðar á bæjarþingi Seltjarnarness til 1. júlí 1992.

Aðalkrafa meðalgöngustefnanda, sem snýr að bæði stefnendum og stefndu í málinu, er sú, að meðalganga verði heimiluð í héraðsdómsmálinu nr. HE-605/1991.

Aðalkrafa meðalgöngustefnanda, sem snýr að stefnendum, er, að héraðsdómsmálinu nr. HE-605/1991 verði vísað frá dómi.

Til vara krefst meðalgöngustefnandi, að viðurkenndur verði réttur Umsjónarfélags einhverfra til að starfrækja meðferðarheimili eða sambýli fyrir fatlaða að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi að fengnu starfsleyfi félagsmálaráðuneytisins.

Til þrautavara er þess krafist, að stefndi félagsmálaráðherra verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda í héraðsdómsmálinu nr. HE-605/1991.

Í öllum tilvikum krefst meðalgöngustefnandi málskostnaðar að með töldum virðisaukaskatti samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur meðalgöngustefndu Guðmundar J. Guðjónssonar og Guðrúnar V. Sverrisdóttur eru eftirgreindar: aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, til vara, að synjað verði kröfu meðalgöngustefnanda um meðalgöngu, til þrautavara, að öllum kröfum meðalgöngustefnanda verði hafnað að efni til, þ. m. t. verði meðalgöngustefndu Guðmundur J. Guðjónsson og Guðrún V. Sverrisdóttir sýknuð af kröfu um viðurkenningu á rétti Umsjónarfélags einhverfra „ til að starfrækja meðferðarheimili að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi að fengnu starfsleyfi félagsmálaráðuneytisins“.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi meðalgöngustefnanda að viðbættum virðisaukaskatti, og beri málskostnaðurinn dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Dómkröfur félagsmálaráðherra eru eftirgreindar: aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, til vara, að synjað verði kröfu meðalgöngustefnanda um heimild til meðalgöngu í máli því, sem Guðmundur J. Guðjónsson og Guðrún V. Sverrisdóttir hafa höfðað gegn félagsmálaráðherra vegna meðferðarheimilis að Sæbraut 2, Seltjarnarnesi.

Þá er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

Af hálfu meðalgöngustefndu Helgu Ingólfssdóttur er gerð sú krafa, að fallist verði á kröfur meðalgöngustefnanda í málinu.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Ríkissjóður er eigandi fasteignarinnar nr. 2 að Sæbraut á Seltjarnarnesi. Frá hausti 1989 hefur verið starfrækt þar meðferðarheimili fyrir einhverfa á vegum félagsmálaráðuneytis.

Meðalgöngustefndu Guðmundur og Guðrún, sem búsett eru gegnt meðferðarheimilinu að Sæbraut 3, sættu sig ekki við starfrækslu meðferðarheimilisins á þessum stað, og höfðuðu þau mál á hendur félagsmálaráðherra á síðastliðnu ári, héraðsdómsmál nr. HE-605/1991, þar sem þau krefjast þess, að félagsmálaráðherra verði dæmt óheimilt að starfrækja meðferðarheimili eða sambýli fyrir einhverfa að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi og félagsmálaráðherra gert skylt að viðlögðum dagsektum að leggja niður þá starfsemi, sem fram fer í húsinu að Sæbraut 2. Jafnframt krefjast þau málskostnaðar.

Af hálfu félagsmálaráðherra er krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda, en til vara sýknu af hluta af kröfum stefnenda. Jafnframt er krafist málskostnaðar.

Með dómi Hæstaréttar 8. janúar síðastliðinn var Helgu Ingólfssdóttur fyrir hönd ólöggráða sonar síns, Páls Helga, heimiluð meðalganga í umræddu máli. Af hálfu hennar er þess krafist, að hún og félagsmálaráð-

herra verði sýknuð af öllum kröfum stefnenda. Hún krefst einnig málskostnaðar.

— — —

7.0.

Forsendur og niðurstaða.

Meðalgöngustefnandi, Umsjónarfélag einhverfra, er félag, sem starfar á landsgrundvelli, og eru markmið félagsins, að komið verði á fót stofnunum við hæfi einstaklinga með einhverfueinkenni, að séð verði fyrir nægri og ákjósanlegri kennslu fyrir einhverfa og eigi minni en lög kveða á um, að stuðla að því að mennta og sérþjálfna fólk í meðferð og umönnun einhverfra, að vera vettvangur fyrir gagnkvæman stuðning aðstandenda einhverfra og staðið verði fyrir reglulegum fræðslufundum fyrir félagsmenn. Félagar geta verið foreldrar, ættingjar og annað áhugafólk um velferð einhverfra.

Þótt markmið félagsins sé því að gæta hagsmuna einhverfra í hvívetna, þá er ekki saman að jafna þeim hagsmunum, sem heimilismenn meðferðarheimilis hafa af úrslitum aðalsakar, og þeim hagsmunum, sem félagið hefur af úrslitunum. Verði dómkröfur í aðalsök teknar til greina, missa heimilismenn heimili sitt. Hagsmunir félagsins eru hins vegar almenns eðlis, þ.e., varða hagsmuni einhverfra almennt. Dómur í aðalsök tekur einvörðungu til þess sakarefnis, sem þar er til efnismeðferðar, og bindur einvörðungu aðila þess máls. Þótt sá dómur hefði fordæmisgildi, getur málið samt sem áður ekki skapað rétt fyrir aðra til meðalgöngu í málinu en þeirra (sic), sem beinna hagsmuna hafa að gæta, svo sem íbúa meðferðarheimilisins. Almenn sjónarmið um stöðu einhverfra koma til skoðunar í aðalsök, en málið fer eftir almennum reglum um sakarforræði aðila.

Þegar framangreint er virt, þykir á skorta, að hagsmunir þeir, sem meðalgöngustefnandi, Umsjónarfélag einhverfra, lætur sig varða, séu svo afmarkaðir og varði með svo beinum hætti ágreininginn í aðalsök, að hann eigi rétt vegna félagsins sjálfs til meðalgöngu í því máli eftir 20. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í 17. gr. laga nr. 91/1991 og 5. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur eru taldir upp þeir, sem geta farið með mál fyrir dómi. Ekki er að finna í íslenskum rétti heimild til að fela samtökum eins og Umsjónarfélagi einhverfra slíka málsókn fyrir hönd annarra einstaklinga. Er það í andstöðu við áðurnefnd lagaákvæði og á sér ekki stoð í öðrum réttarheimildum. Hæstaréttardómur í hæstaréttarmálinu nr. 501/1991, Helga Ingólfssdóttir f. h. ólögráða sonar síns, Páls Helga Arnarsonar, gegn Guðmundi J. Guðjónssyni, Guðrúnu V. Sverrisdóttur og félagsmálaráðherra, verður eigi talinn veita fordæmi að þessu leyti. Þá er heimild samkvæmt 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 bundin við rekstur máls í eigin nafni.

Þegar af framangreindum ástæðum þykja réttarfarsskilyrði ekki vera uppfyllt fyrir meðalgöngu þessari, og ber því að synja meðalgöngustefnanda um meðalgöngu í héraðsdómsmáli nr. HE-605/1991.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af máli þessu. Ekki verður tekin afstaða til annarra krafna málsaðila í þessu máli.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Meðalgöngustefnanda, Umsjónarfélagi einhverfra vegna félagsins sjálfs og vegna Árna Hjartarsonar, Hallgerðar Gísladóttur, Lúðvíks Baldurssonar og Þóreyjar Aspelund, er synjað um meðalgöngu í héraðsdómsmáli nr. HE-605/1991: Guðmundur J. Guðjónsson og Guðrún V. Sverrisdóttir gegn félagsmálaráðherra, og meðalgöngusök Helgu Ingólfssdóttur f. h. Páls Helga Arnarsonar gegn Guðmundi J. Guðjónssyni o. fl.

Málskostnaður fellur niður.